



Sjálfstæðu Leikhúsin

SVEITASTJÓRNARKOSNINGAR 2026

Talpunktar

*Sjálfstæðar sviðslistir sem efnahagslegir, samfélagslegir
og menningarlegir innviðir*

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa

leikhopar.is/virdi · leikhopar@leikhopar.is

Aðgerðir

- Sviðslistir eru atvinnugrein sem skilar þjóðfélaginu virði á mörgum sviðum, sem má greina með sértækum aðferðum.
- Til að hámarka áhrif þeirra innan þíns sveitarfélags:
 - Lítið á skapandi greinar sem starfsgrein með skjalfesta arðsemi opinberrar fjárfestingar og sviðslistir sem áhrifamikla leið til að ná henni fram.
 - Nýtið fjárfestingu ríkisins í málaflokknum, sem skilar sér best þar sem eru innviðir til að taka á móti henni.
 - Meðhöndlið fjárframlög til menningarstarfs sem fjárfestingu.
 - Standið vörð um menningarhús og tryggið aðstöðu til æfinga, framleiðslu og sýninga.
 - Tryggið að sviðslistir og annað menningarstarf sé hluti af stefnumótun sveitarfélagsins.
 - Tryggið að sviðslistir heyri undir málefnasvið atvinnuvega og byggðapróunar ekki síður en menningar, bæði hjá landshlutasamtökum sem og sveitarfélögum.
 - Stofnið til formlegs samstarfs við sjálfstæða sviðslistahópa, hátíða og einstaklinga.
 - Hugsið um áhorfendur — íbúa sveitarfélagsins — sem helstu hagsmunaaðila sviðslista.

Þjóðarbúskapur

- Skapandi greinar eru 3,5% af vergri landsframleiðslu — á pari við sjávarútveg.
- Opinber fjárfesting í skapandi greinum skilar sér þrefalt til baka.
- 15.000+ starfa við skapandi greinar — rúmlega tvöfaldur fjöldi starfsfólks á Landspítalanum.
- Skatttekjur skapandi greina eru 17 ma. kr. hærri en útgjöld ríkisins til þeirra.
- Skatttekjurnar sem Harpa skapar eru fimmtán sinnum hærri en opinberir styrkir til hennar. Sambærilegar niðurstöður má finna víða um heim.
- Sviðslistir uxu 243% árin 2015–2023: fjórfalt hraðar en aðrir hlutar menningarhagkerfisins.
- Meginmarkmið ríkisins skv. Fjármálastefnu er að jafna og bæta tækifæri til ný- og atvinnusköpunar í skapandi greinum — fjárfesting sveitarfélaga er bein framkvæmd þeirrar stefnu.

Staðbundin hagkerfi

- 47% Íslendinga sækja sviðslistir árlega — eitt hæsta hlutfall Evrópu.
- Sérhver áhorfandi tekur þátt í að skapa veltu hjá öðrum fyrirtækjum í nærumhverfinu.
- Uppfærslur sviðsverka auka starfsmöguleika fjölbreytts hóps skapandi einstaklinga og veltu smærri fyrirtækja.
- Menning og listir hafa vaxandi áhrif á fasteignaverð í nærumhverfi sínu.
- Sjálfstæðar sviðslistir eru efnahagslegur hvati — margföldunaráhrif þeirra eru víðtæk.
- Sveitarfélög og byggðamál vaxa um 30% á milli 2026 og 2031 — hraðast allra málaflokka í fjármálaáætlun. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga hvetur til fjárfestinga svo að fjármagnsstofn á hvern íbúa vaxi, sem sjálfstæðar sviðslistir styðja vel við.

Landsbyggðin

- Menningarlíf skiptir smærri og dreifðari byggðir meira máli en stærri og þéttari samfélög. Áhrifin eru sterkari eftir því sem bilið eykst.
- Menningarlíf hefur mikil áhrif á búsetuval.
- Að halda ungu fólki í samfélögum krefst menningar- og mannlífs til jafns við atvinnu.
- Sjálfstæðar sviðslistir eru kvikar og geta myndað sterk tengsl í samfélaginu.
- Sviðslistalög kalla þegar á að landið allt fái að njóta sviðslista. Sjálfstæðir hópar og einstaklingar eru best til þess fallnir að sinna því hlutverki.
- Samstarf áhugaleikfélaga og sjálfstæðu senunnar hefur varað í áratugi. Það sannar mikilvægi þess og hvernig sjálfstæða senan styður vel við menningarlíf á landsbyggðinni.

Nýsköpun og hæfni

- Sviðslistir rækta þá hæfileika sem íslenskur efnahagur þarfnast mest: samfélag, samkennd, sjálfstraust og gagnrýna hugsun.
- Ísland er undir norrænu meðaltali í skapandi færni, sem hefur beinar efnahagslegar afleiðingar.
- Menntun og reynsla af listgreinum skapar frumkvöðla og uppfinningafólk, sem er tvöfalt líklegra til að vinna við nýsköpun en annað fólk.
- Fyrirtæki sem ráða til sín fólk úr skapandi greinum til jafns við tæknigreinar sjá 8% meiri aukningu í sölu og eru líklegri til að þróa róttækar nýjungar.
- Sviðslistir eru rannsóknar- og þróunardeild samfélagsins — og undirstöðugrein sjónvarps-, kvikmynda-, auglýsinga-, tónlistar- og tölvuleikjageira landsins.
- Norski kvikmyndageirinn sýnir að langtímafjárfesting í óháðu sviðslista- og kvikmyndaumhverfi leiðir af sér alþjóðlega velgengi.
- Listaháskólanum er sérstaklega úthlutað fjármagni á fjárlögum 2025 og 2026 til að styðja við árangur Íslands í STEAM greinum, sem er undir norrænu meðaltali. Fjárfesting sveitarfélaga í sviðslistum er beinlínis framkvæmd þessarar stefnu.

Ungt fólk

- Farsældarlögin flokka þáttöku í listum og menningu sem þjónustu sem stuðlar að velferð barna, sem veitir sveitarfélögum lagalegan grundvöll til að efla hana.
- Nemendur sem taka þátt í sviðslistum skila betri námsárangri, færri fjarvistum og meiri þáttöku í samfélaginu.
- Sviðslistir þroska gagnrýna hugsun, tilfinningagreind og sameiginlega ákvarðanatöku — þá hæfileika sem 21. öldin, með sína stafrænu sundrung, þarfnast mest.
- Ísland er undir norrænu meðaltali í skapandi hæfni. Það er mælanlegt bil með mælanlegum afleiðingum.
- Nemendur í 10. bekk Víðistaðaskóla lýsa fjölda uppbyggilegra kosta eftir þáttöku í árlegum söngleik — jafnvel þau sem vildu ekki taka þátt.
- Fjárfesting í aðgengi að sviðslistum fyrir ungt fólk er fjárfesting í næstu kynslóð, bæði í einstaklingum og innviðum.

Lýðheilsa og vellíðan

- Breska heilbrigðiskerfið (NHS) sparar £11.91 í geðheilbrigðiskostnað á hvern áhorfanda — um £102 m. punda á ári.
- Tíu ára lýðheilsuáætlun NHS (2025–2035) hefur gert menningarþátttöku hluta af forvarnaáætlun sinni.
- Sviðslistir draga úr kvíða, þunglyndi, einmanaleika og einangrun meðal þátttakenda jafnt sem áhorfenda, þvert á aldurshópa og á búsetu.
- Íslendingar verja nú að meðaltali aðeins einni klukkustund á dag í félagsleg samskipti, augliti til auglitis.
- Sviðslistir efla samkennd og félagslega jákvæða hegðun.
- Fjárfesting í sviðslistum er fjárfesting í lýðheilsu — og ódýrari en að meðhöndla eftir á.

Samfélag og jafnrétti

- Sviðslistir efla þátttöku, frumkvæði, hugrekki, getuna til að koma fram opinberlega, viljann til að standa fast á sínu, samkennd og aðra uppbyggilega eiginleika.
- Stærsti lýðræðislegi atburður Íslands á 21. öld — búsáhaldabyltingin — var leiddur af sviðslistafólki.
- Sjálfstæðar sviðslistir eru langtum öflugri vettvangur fjölbreytileikans — hinsegin samfélagsins, fólks með fötlun, nýrra Íslendinga og ýmissa jaðarhópa — en stofnanaleikhús.
- Á tímum einangrunar, einmanaleika og stafrænnar sundrungar bjóða sviðslistir enn sameiginlegt rými fyrir ókunnugt fólk til að eiga sameiginlega upplifun.
- Stuðningur við sjálfstæða sviðslistahópa og einstaklinga sýnir í verki hvers konar samfélög sveitarstjórnir vilja byggja.
- Þátttaka í og áhorf á sviðslistir eykur samkennd og uppbyggilega samfélagslega hegðun.

Tungumál og þjóðarímynd

- Sviðslistir rýna og rækta tungumálið á virkan hátt.
- Útflutningsvirði menningarefnis nam 19,6 ma. kr. árið 2024 — virði tónlistar, sjónvarpsefnis og kvikmynda óx um 226% frá 2020.
- 53% erlendra gesta nefna íslenska menningu sem mikilvægan þátt í ákvörðun sinni um að ferðast til Íslands.
- Menningarþátttaka á Íslandi er ein sú mesta í Evrópu. Það er forysta sem á að fjárfesta í.
- Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar er að Ísland verði miðstöð skapandi greina á alþjóðavísu. Þá miðstöð er ekki hægt að byggja án sjálfstæðs, dreifðs menningarlífs sem framleiðir nýtt efni á íslensku í öllum landshlutum.

Sjálfbærni

- Stefna Íslands um sjálfbæra þróun byggir á þremur grunnstoðum og skilgreinir menningu og listir sem grundvallarþætti í félagslegri velferð. Sjálfstæðar sviðslistir uppfylla skilyrði í öllum flokkum.
 - Samfélag: heilsa, æskulýðsmál, samheldni og aðgengi eru samfélagsmál sem sjálfstæðar sviðslistir stuðla að.
 - Umhverfi: staðbundnir sjálfstæðir sviðslistahópar hafa minni umhverfisáhrif en stærri farandleikhópar.
 - Efnahagur: Hörpu-áhrifin sýna fram á fimmtánfalda ávöxtun opinberrar fjárfestingar.

T A L P U N K T A R

Nánar

Nánari upplýsingar og heimildir:

new.leikhopar.is/virdi

Hafið hiklaust samband til að fá frekari upplýsingar, eiga samtali eða boða okkur á fund.

www.leikhopar.is

leikhopar@leikhopar.is

Friðþjófur Þorsteinsson, formaður SL — s. 824 4762